

Nd.

292. Frumvarp til laga

um breyting á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

233. gr. laganna orðist svo:

Ef björgunarmenn greinir á sín á milli um skipti björgunarlauna, þá skal skipt með dómi og gætt þeirra atvika, sem 230. gr. greinir.

Nú hefur skip bjargað einhverju á ferð og hlotið fyrir það björgunarlaun með dómi eða samningi, og skal þá fyrst af björgunarlaununum bæta það tjón, sem við björgunina varð á skipi því eða farmi, svo og bein útgjöld við björgunina önnur en venjulegur rekstrarkostnaður skipsins. Næst eftir fá útgerðarmenn tvo þriðjunga björgunarlauna, en einn þriðji björgunarlaunanna rennur til skipshafnarinnar, og skal þeim skipt milli allra skipverja í réttu hlutfalli við mánaðartekjur hvers þeirra. Við útreikning björgunarlauna skulu skiptin miðast við meðaltekjur í hverri starfs-grein um borð í skipinu síðustu 12 mánuði eða þann tíma, sem skipið hefur verið í gangi á árinu, ef skemur er. Eftir að skipti hafa farið fram á milli skipverja samkvæmt ofanskráðu, skal útgerðarmaður greiða skipstjóra af sínum hluta björgunar-launanna þá upphæð, er á vantar, til þess að hann fái samtals $\frac{1}{3}$ hluta þeirrar upphæðar, er kom til skipta meðal skipshafnarinnar. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um skipverja, sem lög nr. 32 9. jan. 1935 taka til, svo og skipshafnir á björgunarskipum, sem ráðnar eru með sérsamningum til björgunarstarfa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefur komið í ljós á síðari tímum, að ákvæðið um skipting björgunarlauna samkvæmt 233. gr. siglingalaganna hefur valdið verulegri óánægju meðal sjómanna. Þetta ákvæði laganna mun ævagamalt í erlendri siglingalöggjöf, þótt það væri ekki lögtekið hér á landi fyrr en 1914. Breyttir tímar, fullkonnari skip, ýmsar reglur og lagaákvæði ásamt meiri mannúðarhugsjón um að bjarga þeim, sem í háska eru staddir, gerir það að verkum, að jafnt æðri sem lægri leggja sig fram í þessum efnum meira en almennt tíðkaðist fyrr á tímum. Björgunarlaun hafa ávallt verið talin sjálfsögd margra hluta vegna og verða talin enn. Hins vegar er sú skoðun almenn nú orðið, að meiri jöfnuð beri að viðhafa um skipti björgunarlaunanna en tíðkamt hefur til þessa, enda hafa komið í ljós áberandi gallar í orðalagi þessara ákvæða, þegar skipt hefur verið björgunarlaunum meðal skipverja á fiskiskipum, og hefur í ýmsum tilfellum verið farin miðlunarleið með samkomulagi aðila frá hinu heina ákvæði laganna. Á þingi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem haldið var fyrir skömmu, var úlyktun gerð, sem stefnir í svipaða átt og farið er fram á í þessu frumvarpi, og er í flestum atriðum farið eftir þeim tillögum.